

Miðvikudaginn 21. janúar 1948.

Nr. 1/1948.

**Alþýðusamband Íslands f. h.
verkamannafélagsins Dagsbrúnar**

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands

(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Verðlagsvísitala. Vinnulaun.

Mál þetta er höfðað af Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands með stefnu 8. þ. m.

Málavextir eru þessir :

Í 5. mgr. 5. gr. kjarasamnings milli verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Vinnuveitendafélags Íslands, sem dagsettur er 5. júlí 1947, segir svo: „Allt kaup samkvæmt samningi þessum greiðist með fullri dýrtíðaruppbót samkvæmt aukningu dýrtíðarinnar frá 1. jan. 1939 og sé dýrtíðarvísitala kauplagsnefndar lögð til grundvallar mánaðarlega frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að sú dýrtíðartala er birt.“

Samningsákvæði þetta, sem staðið hefur í kjarasamningum málsaðilja undanfarin ár, hefur réttilega verið framkvæmt svo, að vinna hvers mánaðar hefur verið greidd með grunnkaupi sama mánaðar, að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt verðlagsvísitölu næsta mánaðar á undan. Þannig var kaup fyrir vinnu, sem leyst var af hendi í desembermánuði s.l., greitt með verðlagsuppbót samkvæmt verðlagsvísitölu nóvembermánaðar síðast liðins, en hún var 326 stig.

Dýrtíðarvísitala s.l. desembermánuð reyndist 328 stig.

Þann 1. þ. m. gengu í gildi lög nr. 128/1947 um dýrtíðar-ráðstafanir. Vegna 12. gr. laga þessara neitaði stefndi vegna

félagsmanna sinna að greiða hærri verðlagsuppbót á janúar-kaupið en 300 og taldi sér það hvorki rétt né heimilt. Stefnandi vildi ekki fallast á skilning stefnda á nefndu lagaboði, en taldi, að félagsmönnum hans væri skylt að greiða verðlagsuppbót í janúar samkvæmt verðlagsvísitölu s.l. desembermánaðar. Eru dómkröfur hans í máli þessu þær, að viðurkennt verði, að framangreind málsgrein 5. gr. kjarasamnings málsaðilja frá 5. júlí 1947 sé rétt skilin og framkvæmd þannig, að stefnda sé skylt að greiða félagsmönnum í verkamannafélaginu Dagsbrún fulla dýrtíðartölu desembermánaðar 1947, 328 stig, á allt grunnkaup gildið í janúar 1948 samkvæmt nefndum samningi. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Stefnandi styður mál sitt þeim rökum, að þegar fyrst var farið að greiða verðlagsuppbót á árunum 1939 og 1940 hafi verkamenn ekki fengið dýrtíðina bætt með verðlagsuppbót nema að nokkru leyti, og auk þess hafi verðlagsuppbótin ekki verið greidd fyrr en eftir á. Þá hafi það verið haft fram á, að þegar dýrtíðin færi lækkandi fengju verkamenn þetta að nokkru leyti bætt. Samkvæmt samningum þeim, er nú gildi, og í gildi hafi verið undanfarin ár milli aðilja máls þessa, eigi verkamenn í raun og veru inni sem svarar dýrtíðaruppbót eins mánaðar. Beri ekki að skilja 12. gr. laga nr. 128/1947 á þa bund, að hún svipti verkamenn möguleika á að fá þá uppbót, því þá yrðu lögin að gilda aftur í tímann, en fyrir því sé ekki gert ráð í þeim, auk þess sem með því væru rofin þau fyrirheit, sem áður voru gefin um hagstæðari aðstöðu verkamanna með lækkandi dýrtíðartölu. Orðalag 12. gr. laganna sé enda eingöngu miðað við opinbera starfsmenn, sem þrátt fyrir ákvæði hennar hafi fengið fulla dýrtíðaruppbót desembermánaðar. En ef talið yrði, að nefnt lagaákvæði ætti einnig að ná til verkamanna, sem fá verðlagsuppbót sína greidda með öðrum hætti, væri launþegum mismunað, en það geti ekki verið tilgangur löggjafans.

Stefndi hefur eindregið mótmælt málsútlitun stefnanda og byggt sýknukröfu sína á því, að samkvæmt 12. gr. ofan-

greindra laga sé það fortakslaust bannað að greiða hærri verðlagsuppbót en 300 frá gildistöku þeirra, 1. janúar þ. á. Og með því að þau hafi verið löglega sett og birt skipti hér ekki máli, hvað samið sé um í 5. gr. framangreinds samnings, þar sem hann verði að víkja fyrir ákvæðum laganna, enda hafi verkamenn fengið fulla greiðslu fyrir vinnu leysta af hendi í desember með því kaupi og þeirri verðlagsuppbót, er þá var greidd. Hins vegar mundu félagsmenn stefnda hafa greitt janúarkaupið með verðlagsvísitölu desembermánaðar, ef lög nr. 128/1947 hefðu ekki verið sett.

Í fyrsta málslið 12. gr. laga nr. 128/1947, sem öðluðust gildi 1. þ. m. segir svo: „Hvarvetna þar sem fjárhæð starfslauna eða annarra greiðslna er miðuð við verðlagsvísitölu samkvæmt lögum, samningum eða á annan hátt, má ekki miða verðlagsuppbót við hærri vísitölu en 300, meðan lög þessi eru í gildi.“

Þetta ákvæði laganna verður ekki skilið á annan veg en þann, að verðlagsuppbót á laun fyrir vinnu, sem leyst er af hendi eftir gildistöku þeirra, megi ekki fara fram úr 300. Og með því að löggin leyfa ekki neinar undantekningar frá þessari reglu leiðir af henni, að stefnda verður ekki, þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 5. gr. í kjarasamningi aðilja frá 5. júlí f. á., talið skylt að greiða hærri verðlagsuppbót en 300 á vinnu, sem félagsmenn í verkamannafélaginu Dagsbrún leysa af hendi fyrir félagsmenn hans (stefnda) í yfirstandandi janúarmánuði. Ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 300,00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 300,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Samkvæmt beinu ákvæði í 5. mgr. 5. gr. samnings milli Vinnuveitendafélags Íslands og verkamannafélagsins Dagsbrúnar frá 5. júlí 1947

eru félagsmenn í Vinnuveitendafélagi Íslands skuldbundnir til að greiða verkamönnum, sem eru félagsmenn í verkamannafélaginu Dagsbrún, dýrtíðaruppbót á kaup samkvæmt aukningu dýrtíðarinnar frá 1. jan. 1939. Það fyrirkomulagsatriði er haft við útborgun kaupsins, að visitala næsta mánaðar á undan er greidd með grunnkaupi þess mánaðar, sem er að liða, en það breytir ekki samningsskyldu vinnuveitenda að bæta dýrtíð þess mánaðar, sem er að liða, að fullu. Þar eð lög nr. 128 frá 29. des. 1947 tóku ekki gildi fyrr en 1. jan. 1948 hafa þau ekki áhrif á gildi skuldbindinga, sem samkvæmt nefndum samningi eru áfallnar í desember 1947. Félagmenn Vinnuveitendafélags Íslands eru því skuldbundnir til að greiða verkamönnum, sem eru félagsmenn í Dagsbrún, fulla dýrtíðaruppbót samkvæmt aukningu dýrtíðarinnar frá 1. jan. 1939, eins og kauplagsnefnd reiknar hana til 31. des. 1947. Þessari skuldbindingu ber vinnuveitendum að fullnægja með því að greiða desember-visitöluna, sem var 328 stig, um leið og þeir greiða verkamönnum grunnkaup janúar-mánaðar 1948. Kröfur stefnanda ber því að taka til greina.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

5. mgr. 5. gr. samnings Vinnuveitendafélags Íslands og verkamannafélagsins Dagsbrúnar frá 5. júlí 1947 er rétt skilin þannig, að með grunnkaupi í janúar 1948 ber að greiða dýrtíðarvisitölu kauplagsnefndar fyrir desember 1947, sem er 328 stig.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 1. marz 1948.

Nr. 2/1948.

**Alþýðusamband Íslands f. h.
Verkalýðsfélags Akraness vegna
kvennadeildar félagsins**

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

H. f. Ásmundi (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Agreiningur um skilning á ákvæðum kjarasamnings.
Vinnulaun.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni 16. jan. s.l. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags